

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um sérhæfða endurhæfingargeðdeild.

1. Hver er meðalinnlagnartíminn á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild?

Ár útskriftar	Meðallegutími
2017	159,71
2018	61,95
2019	172,14
2020	135,19
2021	82,68

2. Hversu margir hafa verið í innlögn að meðaltali á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild í hverjum mánuði sl. fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir mánuðum.

Mánuður	2017	2018	2019	2020	2021
Janúar	10	11	10	12	10
Febrúar	11	11	11	10	9
Mars	10	11	10	8	8
Apríl	11	11	11	7	8
Maí	10	10	10	9	9
Júní	11	11	10	11	9
Júlí	11	12	11	11	8
Ágúst	11	11	11	8	9
September	11	11	10	8	8
Október	11	11	11	8	9
Nóvember	11	10	11	9	8
Desember	11	10	11	10	9

3. Hversu margir hafa látist meðan á innlögn stendur á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild sl. 10 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir hverju ári og ástæðu hvers andláts. Eitt andlát varð árið 2019, sjálfsvíg sjúklings sem var í leyfi.

4. *Hversu margir hafa hlotið meiðsl meðan á innlögn stendur á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild sl. 5 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir hverju ári og ástæðu meiðsla.*

Landspítali gerði leit í skráðum atvikum á deildinni og fundust eftirfarandi atvik þar sem meiðsl voru skráð.

Ár	Fjöldi sjúklinga	Ástæða meiðsla
2017	Einn sjúklingur	Aðsvif, fall í kjölfarið og skurður fyrir neðan neðri vör.
2018	Einn sjúklingur þar sem meiðsli voru skráð fjórum sinnum	Sjálfsvígstilraun. Sjálfsskaði með skurð á framhandlegg. Sjálfsskaði á framhandlegg, grunnir skurðir með rakvélarblaði. Skurðir á framhandlegg. Skurðir á framhandlegg.
2019	Einn sjúklingur	Sjálfsskaði, rispur á handlegg.
2020	Tveir sjúklingar	Skurður á læri eftir klifur yfir girðingu við deild. Hurð brotnaði af fataskáp og datt á höfuð sjúklings sem fékk sár á enni.
2021	Einn sjúklingur	Sjálfsskaðandi hegðun, klóraði sig og barði í höfuð og bringu.

5. *Hversu margir einstaklingar hafa verið í þvingaðri lyfjagjöf meðan á innlögn á sérhæfðri endurhæfingargeðdeild hefur staðið sl. 5 ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir fjölda í hverjum mánuði og hlutfalli einstaklinga sem hafa verið í þvingaðri lyfjagjöf af heildarfjölda innlagðra sjúklinga.*

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala eru allar skráningar um þvingaða lyfjagjöf gerðar beint í sjúkraskrá sjúklings. Eins og staðan er í dag þá býður sjúkraskráarkerfið ekki upp á að hægt sé á einfaldan máta að taka út umbeðnar upplýsingar en beðið er eftir nýju skráningarkerfi um þvingandi meðferð frá embætti landlæknis. Geðþjónusta Landspítala er að leita leiða hvernig hægt sé í núverandi kerfi að ná út upplýsingum á einfaldari máta.

6. *Hversu oft sl. 5 ár hefur starfsfólk sérhæfðrar endurhæfingargeðdeildar beitt sjúklinga einhvers konar nauðung inni á deildinni? Óskað er eftir sundurliðun eftir fjölda tilvika fyrir hvert ár og eftir ástæðum beitingar nauðungar.*

Þvingandi meðferð og ástæður hennar eru skráðar beint í sjúkraskrá sjúklings. Eins og staðan er í dag þá býður sjúkraskráarkerfið ekki upp á að hægt sé á einfaldan máta að taka út umbeðnar upplýsingar en beðið er eftir nýju skráningarkerfi um þvingandi meðferð frá embætti landlæknis. Geðþjónusta Landspítala er að leita leiða hvernig hægt sé í núverandi kerfi að ná út upplýsingum á einfaldari máta.